

Vinna barna og unglunga

Barn er einstaklingur undir 15 ára eða einstaklingur í skyldunámi.

Unglingur er einstaklingur 15–17 ára og hefur lokið skyldunámi.

Ungmenni er einstaklingur undir 18 ára.



Ávinningur þess að tryggja öryggi og vellíðan ungmenna

- Kemur í veg fyrir vinnuslys og afleiðingar þeirra
- Stuðlar að öryggisvitund ungs fólks við vinnu
- Veitir jákvæða upplifun af vinnumarkaði
- Leggur grunn að því að þau komi heil heim starfsævina á enda

Skyldur atvinnurekanda

- Að meta áhættu þeirra starfa sem ungmenni sinna og koma í veg fyrir hana með forvarnaraðgerðum
- Tryggja ungmennum viðeigandi þjálfun og fræðslu áður og við upphaf starfa
- Kynna forráðamönnum og ungmennum hugsanlegar hættur

Gæta þarf að:

- Vinnan hæfi þroska hvers og eins
- Gefa uppbyggilega endurgjöf
- Ekki sé lyft of þungu
- Farið sé að þeim reglum sem gilda um störfin

Vinna barna yngri en 13 ára er bönnuð

- Börn yngri en 13 ára má aðeins ráða til að taka þátt í menningar- eða listviðburðum og íþrótt- eða auglýsingastarfsemi
- Nauðsynlegt er að sækja um leyfi til Vinnueftirlitsins áður en vinna hefst. Umsóknareyðublað er að finna á vinnueftirlitid.is

Vinna barna á aldrinum 13–14 ára er almennt bönnuð nema við:

- Hættalaus störf af léttara tagi. Til dæmis létt fiskvinnslustörf, létt störf í verslun, létt skrifstofustörf, minni háttar hreingerningar og að leggja á borð. (Talin upp í viðauka 4 í reglugerð um vinnu barna og unglunga)
- Störf í vinnuskólum sveitarfélaga

Vinna unglunga er almennt leyfð nema við:

- Hættuleg tækni og verkefni (talin upp í viðauka 1a í reglugerð um vinnu barna og unglunga)
- Hættuleg efni (talin upp í viðauka 2)
- Hættuleg störf (talin upp í viðauka 3)

Vinnutími ungmenna*

	Börn 13–14 ára	Börn 15–16 ára í skyldunámi	Unglingar 15–17 ára og hafa lokið skyldunámi
Á starfstíma skóla	2 klst á skóladegi, 12 klst á viku	2 klst á skóladegi, 12 klst á viku	8 klst á dag, 40 klst á viku
Utan starfstíma skóla	7 klst á dag, 35 klst á viku	8 klst á dag, 40 klst á viku	8 klst á dag, 40 klst á viku
Vinna bönnuð	Frá kl. 20–06	Frá kl. 20–06	Frá kl. 22–06
Hvíld	14 klst á sólarhring, 2 dagar á viku	14 klst á sólarhring, 2 dagar á viku	12 klst á sólarhring, 2 dagar á viku

*Ýmsar undanþágur eru gefnar frá almennum reglum. Nánari upplýsingar um þær er að finna í viðaukum reglugerðar um vinnu barna og unglunga. Þær má líka nálgast undir vinnu barna og unglunga á vinnueftirlitid.is